

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 22. apríl 2014, kl. 14-16.

Mættir: Sigurjón Mýrdal, Ársæll Guðmundsson, Jón Torfi Jónasson, Sólrún Harðardóttir og Trausti Þorsteinsson (í fjarfundi frá Akureyri).

1. Nýr starfsmaður fagráðs um starfsþróun kennara kynntur til leiks.

Sólrún Harðardóttir var boðin velkomin og hún lýsti ánægju sinni með að stöðuna. Hún verður ráðin í hálf starf frá 1. maí til loka starfstíma ráðsins. Skrifstofa hennar verður hjá Námsmatsstofnun í Borgartúni. Formlegur ráðning hefur ekki átt sér stað en starfandi forstjóri stofnunarinnar mun fara yfir málin með Sólrúnu í fyrramálið.

2. Undirbúningur fyrir fund fagráðs um starfsþróun kennara með mennta- og menningarmálaráðherra 5. maí nk.

Sigurjón talaði um fundinn sem ákveðinn hefur verið 5. maí nk. sem áfangafund. Tveir vendipunktur eru að verða í starfsemi fagráðsins: 1) Fagráðið hefur nú lokið fyrsta starfsári sínu og 2) starfsmaður hefur verið ráðinn. Mikilvægt er að fagráðið og ráðherra mætist á fundi á þessum tímamarki

Hugmyndin er að útbúa stöðuskýrslu. Jafnframt því að fara yfir það sem gert hefur verið verður litið fram á veginn og rætt um verkefni framundan. Stöðuskýrslan er bæði unnin fyrir fagráðið og ráðherra. Sigurjón, Trausti og Sólrún munu vinna saman að skýrslunni. Í þessu samhengi var Trausta hrósað fyrir hans störf með fagráðinu hingað til og þess vænst að hann verði áfram nátengdur því.

Ársæll leggur áherslu á að nú sé rétti tíminn til að bretta upp ermar og horfa bjartsýn fram á veginn. Í skýrsluskrifum sé rétt að sýna fram á metnaðarfullar hugmyndir ráðsins en einnig mikilvægi vinnunnar fyrir skólakerfið. Ársæll ræddi líka að tillögurnar um framhaldið þyrftu að vera bitastæðar og í vænlegum búningi til að auðvelda Illuga ákvarðanatöku. Gott væri að í skýrslunni væru vísanir á það sem er að gerast í löndunum í kringum okkur. Einnig þarf að minna á niðurstöður TALIS, sem birtar verða í haust.

Best væri að Illugi kæmi inn um miðbik fundarins. Sigurjón reynir að ganga frá því þannig.

Ákveðið að fundarboð yrði sent út á morgun og munu Sigurjón og Trausti ganga frá því.

3. “Future teachers – a Profession at Crossroads“. Norræn ráðstefna 12.–14. ágúst nk.

Trausti, Sigurjón og Svanhildur hafa séð um undirbúning ráðstefnunnar hingað til, en nú bætist Sólrún í hópinn.

Nú þegar er skráning hafin og margir hafa fengið tilkynningu um ráðstefnuna. Sigurjón hvatti til að ráðstefnan væri kynnt sem víðast og meðlimir ráðsins gerðu sitt í þeim efnum.

Dagskrá ráðstefnunnar var dreift. Þrír aðalfyrirlesararnir eru fastsettir. Talsvert var talað um umræðuhópa og vinnustofur. Jón Torfi talaði um tengsl á milli fræðilegra fyrirlestra og þeirrar umræðu sem færi fram í umræðuhópum. Svanhildur hefur verið að skipuleggja vinnustofur og var lagt fram plagg frá henni um hugmyndir um þær. Þar á að kynna verkefni þar sem starfsþróun kennara er í brennidepli. Vinnustofur fara fram úti í skólunum.

Trausti nefndi hvort fyrirlestrar yrðu sendir út. Ákveðið var að biða með ákvörðun um það þangað til nær dregur.

Minnt á fyrri hugmynd um að unnið yrði að samantekt í framhaldi af ráðstefnunni.

4. Fjármögnun starfsþróunar kennara.

RHA var fengin til að kortleggja sjóðakerfi á bakvið sámenntun og starfsþróun kennara. Samkvæmt Trausta er verkefninu lokið en ekki hefur verið gengið frá samningi um verkið og greiðslur sem tefur fyrir því að niðurstöður séu afhentar. Mikilvægt að fá þessar niðurstöður sem fyrst.

5. Afrakstur ráðstefnunnar: *Það verður hverjum að list sem hann leikur* -- Lifandi starfsþróun árangursríks skólustarfs

Vegna veðurs mættu færri en áætlað var á ráðstefnuna og voru stjórnendur umræðulota meðal annarra veðurtepptir í Reykjavík. Því var umræðulotum fækkað. Engu að síður var vel mætt á ráðstefnuna (~130). Almenn var fólk ánægt með umræður og fyrirlestra. Trausti ætlar að kalla eftir punktum frá umræðunum. Þeir gætu orðið fóður í vinnu fagráðsins. Erindin sjálf sömuleiðis.

6. Önnur mál

Sólrún talar um að hún sé að fóta sig í viðfangsefnunum. Hún viti að mikið hafi verið rætt um stöðu starfsmanns og hún vilji að fólk sé í sambandi við sig – hún sé starfsmaður þeirra.

Næsti fundur fagráðs verður 5. maí og þar með stýrihópsins.

Fundi slitið.

Sólrún Harðardóttir fundarritari.